






Breyting á "Aðalskipulagi Akraness 2005-2017" - Breyting á skilmálum lóðar nr. 5 við Vallholt



Í gildi er aðalskipulag Akraness 2005-2017 sem var staðfest af umhverfisráðherra 26.4.2006. Breyting var gerð á aðalskipulagi fyrir lóðina Vallholt 5 sem tók gildi með auglýsing nr. 707/2010 í B-deild Stjórnartíðinda. Fyrir liggur deiliskipulag /Egisbrautar sem tók gildi með auglýsing nr. 722/2002. Breyting á deiliskipulagi verður unnin samhliða breytingu á aðalskipulagi.

Breytingin felur í sér að í stað íbúða í tveggja hæða fjölbýlishúsi sem þjónað gætu nemendum Fjölbautaskóla Vesturlands, má byggja fjölbýlishús á tveim hæðum. Nýtingarhlutfall lóðar minnkar úr 1,0 og verður eftir breytingu 0,75. Engin breyting verður gerð á uppdrætti.

Ástæða breytingar er að dregið hefur úr eftirspurn eftir heimavist meðal nemenda fjölbautaskólans. Hinsvegar er aukin eftirspurn eftir íbúðir á almennum markaði.

Talið er að bílaumferð í nágrenni lóðar muni aukast við breytta landnotkun lóðarinnar. Fyrirhuguð landnotkun telst samræmast umhverfinu vel þar sem athafnasvæði og íbúðarbyggð er í nágrenni lóðarinnar.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 36. gr. skipulags nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

Breyting á "Aðalskipulagi Akraness 2005-2017"
Breyting á skilmálum lóðar nr. 5 við Vallholt



Mkv.	Dags.	Verkefni	Skráarheiti	Uppdráttur
1:2500/10000 (A4)	10.02.2016	a529-Akranes	a529-BR.dgn	ÞP/URP
	21.12.2016	(breyting í texta v./br. á deiliskipulagi)		

Skipulagsráðgjafi